

# Fornleifauppgröftur á lóð Vesturgötu 5b. Framkvæmdarannsókn

---




**Hildur Gestsdóttir & Guðrún Alda Gísladóttir**



**FS587-14131**

**Reykjavík**

**2015**



©Fornleifastofnun Íslands

Bárugötu 3

101 Reykjavík

Sími: 551-1033

Fax: 551-1047

Veffang: [fsi@instarch.is](mailto:fsi@instarch.is)

## Efnisyfirlit

1	Inngangur.....	5
2	Markmið og framkvæmd.....	5
3	Niðurstöður.....	6
3.1	Fasi 1 (eftir 1903).....	6
3.2	Fasi 2 (1863-1903).....	7
3.3	Fasi 3 (fyrr 1863).....	11
3.4	Suðvestursnið.....	13
4	Gripir.....	14
4.1	Bein.....	14
4.2	Leir.....	15
4.2.1	Tóbakspípa.....	15
4.2.2	Leirker.....	15
4.2.3	Múrsteinar.....	16
4.2.4	Asbest.....	16
4.3	Gler.....	16
4.3.1	Rúðugler.....	16
4.3.2	Glerlát.....	17
4.4	Málmur.....	17
4.4.1	Járn.....	18
4.5	Steinar.....	18
4.6	Plast.....	19
5	Niðurstöður og lokaorð.....	19
	Heimildir.....	21
	Viðauki 1: Einingaskrá.....	23
	Viðauki 2: Fundaskrá.....	25



# 1 Inngangur

Við framkvæmdaefirlit á lóðinni við Vesturgötu 5b í Grjótaþorpinu í Reykjavík þann 2. september 2014 komu í ljós mannvistarleifar sem Minjastofnun Íslands taldi nauðsynlegt að kanna með uppgreftri. Sá Fornleifastofnun Íslands ses um verkið, en verkkaupi var Minjavernd hf. Hildur Gestsdóttir sá um verkstjórn, en auk hennar unnu fornleifafræðingarnir Lísabet Guðmundsdóttir, Nikola Trbojevic og Stefán Ólafsson við uppgröftinn, en Hildur og Nikola sáu einnig um úrvinnslu. Umsjón með greiningu gripa hafði Guðrún Alda Gísladóttir. Gavin Lucas greindi leir og gler, en Jóhann Gunnar Malmquist fornleifafræðinemi skráði gögn í gagnagrunn uppgraftarins.<sup>1</sup> Jannie Amsgaard Ebsen forvörður sá um forvörslu og ráðgjöf varðandi meðhöndlun og geymslu gripa.

## 2 Markmið og framkvæmd.

Grafið var niður á mannvistarlögu með vélgröfu undir eftirliti fornleifafræðings. Uppgröftur og skráning mannvistarlaga fylgdi svokallaðri einingaaðferð (e. single context recording), sem lýst er í uppgrafterhandbók Fornleifastofnunar Íslands.<sup>2</sup> Hún felur í sér að hugsað er um hvert mannvistarlag (t.d jarðlag, holu, gröf, eða byggingahluta) á minjasvæði sem einstakan atburð (einingu) í uppbyggingu þess. Hver eining er skráð, teiknuð, hæðarmæld og ljósmynduð, og fær hún númer í hlaupandi númerakerfi sem er einstakt innan þess rannsóknarsvæðis sem unnið er á. Þannig er t.d. eitt númerakerfi sem heldur utan um jarðlög og mannvirki sem hafa verið grafin upp á lóðinni Vesturgötu 5b. Á meðan á uppgreftri stendur eru einingarnar færðar jafnóðum inn í flæðirit (e. Harris Matrix), sem heldur utan um aldursröð þeirra sem og annað samhengi þeirra á milli. Gerir flæðiritið þeim sem grefur, kleift að halda góðri yfirsýn yfir uppbyggingu þess minjasvæðis sem unnið er á. Oft getur verið flókið að ráða í samhengi á milli mannvistarlaga og því eru einingar sem þykja eiga saman á einhvern hátt, eins t.d þær sem taldar eru tilheyra sama notkunarskeiði, settar saman í hóp sem fær númer úr sömu röð og einingarnar sjálfar. Þegar kemur síðan að því að lýsa niðurstöðum uppgrafter í rituðu máli er vísað í númer eininga og hópa þar sem það á við.

---

<sup>1</sup> Sjá fundaskrá í viðauka 2.

<sup>2</sup> Lucas, 2003

Gripir sem finnast við uppgröft eru einnig mikilvægur gagnaflokkur þar sem þeir geta m.a gefið vísbendingu um aldur mannvistarlaga eða hlutverk bygginga. Eru þeir einnig allir númeraðir í hlaupandi númerakerfi. Ekki finnast allir gripir í samhengi, þar sem sumir koma fram við hreinsun á uppgraftarsvæði, en þegar vitað er úr hvaða mannvistarlögum gripir koma, eru einingánúmer mannvistarlaganna hengd við gripanúmerin og fylgja þau gripunum gegnum allt úrvinnsluferlið.<sup>3</sup>

### 3 Niðurstöður

Framkvæmdarsvæðið var á lóð Vesturgötu 5b, en hún afmarkast af lóð Vesturgötu 5a til norðausturs, lóð Vesturgötu 3b til suðausturs, Fischersundi til suðvesturs og Mjóstræti til norðvesturs. Framkvæmdarsvæðið var alls 138 m<sup>2</sup>, en flestar fornleifar var að finna á um 80 m<sup>2</sup> á norðausturhluta svæðisins. Stærsti hluti þeirra menningarlaga sem grafin voru upp á lóðinni voru tengdar verslunarhúsinu Glasgow (sjá nánari umfjöllun í kafla 5). Hægt var að skipta niðurstöðum rannsóknarinnar í þrjá fasa; menningarlög eldri en Glasgow (fyrir 1863, þegar húsið var byggt), þau sem eru samtíða notkun hússins (1863-1903), og þau sem hafa myndast eftir að húsið fór úr notkun (eftir 1903).

Einnig voru móöskulög í suðvestursniði framkvæmdarsvæðisins, jarðlög sem líklegast liggja lengra í suðvestur, undir Fischersund. Þessi jarðlög voru eingöngu skráð í sniði

#### 3.1 Fasi 1 (eftir 1903)

Undir yfirborðslagi [01] var nútíma lagnaskurður [04] í norðurenda uppgraftarsvæðisins. Skurðurinn, sem var 2 m breiður og amk 0,4 m djúpur, lá þvert yfir svæðið með stefnu suðvestur-norðaustur. Skurðurinn skar nokkur móösku- og móöskublönduð moldarlög sem lágu yfir öllu uppgraftarsvæðinu ([02], [03], [07], [08] & [12]). Elstu lögin í fasa 1 var hins vegar að finna nyrst á svæðinu, innan mannvirkisins. Um var að ræða tvö jarðlög, annarsvegar mikið kola- og öskulag [09], og hinsvegar lag sem var að mestu myndað af upphrúguðum múrsteinum [10]. Þessum tveimur jarðlögum hafði verið rutt í suðausturhorn hússins, líklegast einhverskonar hreinsun á innviðum hússins eftir bruna<sup>4</sup> (sjá mynd 1). Merki voru um að múrsteinarnir hefðu lent í bruna (sjá VES14-44-38), en slíkt var ekki að sjá á öðrum

---

<sup>3</sup> Lucas, 2003

<sup>4</sup> Vitað er að Glasgow brann, sjá nánari umfjöllun í kafla 5.


gripum úr þessum jarðlögum. Það er því ekki ólíklegt að megnið af þeim gripum hafi lent þarna eftir að húsið brann, eða séu úr hluta hússins þar sem bruninn náði ekki.



Mynd 1. Múrsteinahrúga [10] inni í húsi. Horft í suðvestur.

### 3.2 Fasi 2 (1863-1903)

Innan fasa 2 eru þau jarðlög sem voru samtíða notkun Glasgow. Innan uppgraftarsvæðisins var stór hluti af undirstöðum suðurvegg hússins, auk suðurhluta austurveggjar. Þar stóðu 9,2 m af undirstöðum suðurvegg hússins (sem þó var skorinn af skurði [04]), og 3,8 m af undirstöðum austurvegg. Undirstöðurnar voru niðugrafnar, skurður [33], sem var 1,5-2 m á breidd, og 35-40 cm á dýpt. Neðst í skurðinum var raðað grjóti, [29]=[32]. Í suðurveggnum hafði verið raðað stórum (allt að 80 cm í þvermál) ótilhöggnum steinum meðfram skurðbakkanum í vestasta hluta skurðsins, en minna grjóti (allt að 45 cm í þvermál) raðað óreglulega í austur hluta skurðsins. Grjótið í austurveggnum var töluvert frábrugðið því í suðurveggnum. Þar var tilhoggið hleðslugrjót, allt að 1 m í þvermál, og stóðu enn tvær umferðir (sjá mynd 3). Bendir þetta til þess að húsið hafi verið byggt inn í brekkuna, og að hleðslan í austurveggnum hafi verið sýnileg. Í suðurveggnum voru þrjú steinalög ofan á neðstu grjóthleðslunni, [25]=[28], [19]=[22] og [15] og var grjótið í efsta lagin minnst, um 10 cm í þvermál (sjá myndir 2 og 4).



Mynd 2. Yfirlitsmynd. Efstu steinalög í grunni hússins [25]/[28]/[29], auk innviða, keramikrennur [05]/[16]/[17] og múrsteinagólf [11]. Skarðið í húsgrunnin norðvestanverðan er vegna seinnitíma lagnaskurðar. Útlínur framkvæmdasvæðis eru sýndar í rauðu.

Efst inni í mannvirkinu voru leifar af tveimur gólfum sem hafa verið í kjallara hússins. Múrsteinagólf, [11], lá upp við suðurmörk uppgraftarsvæðisins í austurenda hússins. Leifar gólfsins þöktu einungis svæði sem var 0,55 m x 1,1 m í flatarmáli, og var myndað úr 20 rauðum múrsteinum (VES14-44-29) sem báru þess merki að hafa lent í bruna. Líklegt er að múrsteinahrúgan sem lá ofan á gólfinu, [10] sé að einhverju leiti úr þessu gólfi. Upp við suðurvegg mannvirkisins [22]=[19] voru svo leifar af steypu gólfi [14]. Einungis höfðu varðveist 0,3 x 1,4 m af gólffletinum. Hann var ekki í strategafisku samhengi við múrsteinsgólf [11], þannig að ekki er hægt að segja til um hvort þessir gólffletir hafi verið samtíða. Hins vegar er vert að benda á að þeir voru í sömu hæð (5,15 m.y.s), sem gæti bent til þess að svo hafi verið (sjá myndir 2 og 4).





Mynd 3. Framhlið austurveggjar [29]. Horft í norður.



Mynd 4. Leifar af múrsteinagólfi [11], fyrir miðri mynd, og steypu gólfi [14], vinstra megin á mynd. Horft í norðvestur.

Undir steyppta gólfinu, [14], voru leifar af keramik röri, [17] sem lá samsíða suðurútrvegg hússins, um 10 cm frá veggnum (sjá myndir 2 og 5). Einungis 2,2 m langur hluti af rörinu hafði varðveist. Samsskonar rör fundust meðfram utanverðum suðurveggnum, á tveimur stöðum, [05], 1,6m langt við austurenda veggins, og [16], 1 m langt við vesturenda hans. Tekin voru sýni af best varðveittu rennunum [17], VES14-44-37.

Undir röri [17], innan í húsinu var malarlag [18], allt að 25 cm þykkt, sem hefur verið undirlag undir múrsteins- [11] og steyppta gólfið [14]. Undir malarlaginu vestanverðu, lá steinaröð [20] samsíða suðurvegg hússins, um 30 cm frá honum (sjá mynd 6). Steinaröðin var mynduð úr ótilhöggnu grjóti, mest 25 cm í þvermál, og var 3,5 m á lengd. Hornrétt út frá steinaröðinni miðri gengu tvær aðrar steinaraðir, 0,7 m langar. Erfitt er að átta sig á því hvaða hlutverki þessar steinaraðir hafa þjónað, en líklegt er að þær séu leifar af eldri innviðum kjallarans, að múrsteina- og steypugólfið hafi verið seinnitíma viðbót. Þessu til stuðnings er móöskulag, [24] sem lá undir steinaröð [20]. Lagið var allt að 20 cm á þykkt, og bendir til þess að upprunalega hafi verið moldargólf í kjallarnaum.



*Mynd 5. Keramiklögn [17] og malarundirlag [18] undir gólf inni í mannvirki, auk grjótundirstöðum undir austurvegg mannvirkis [22]. Horft í norðvestur.*



*Mynd 6. Einföld grjóthleðsla [20] inni í mannvirki, undir möl. Horft í norðvestur.*

Utan við húsið var grafið upp eitt móöskulag, [06], sem var samtíða húsinu. Móöskulagið var þunnt, allt að 7 cm á þykkt, og lá við vestanverðan suðurvegg hússins.

### 3.3 Fasi 3 (fyrir 1863)

Sunnan við húsið voru nokkur jarðlög sem voru skorin af undirstöðuskurði [33]. Þar efst var óregluleg stétt, [27], 1,4 x 2,2 m og löggð úr ótilhöggnu grjóti, allt að 30 cm í þvermál (sjá myndir 7 og 8). Töluvert var af skeljabrotum auk dýrabeina og gripa í stéttinni. Undir henni var móöskulag, [30], allt að 10 cm þykkt, sem lá ofan á skeljablönuduðu moldarlagi, [31], allt að 20 cm þykku.




Mynd 7. Yfirlitsmynd. Neðsta grjótfyllingin í undirstöðuskurði [29]/[32] og eldri stétt [27]. Skarðið í undirstöðurnar norðvestanverðar er vegna lagnaskurðar. Útlínur framkvæmdasvæðisins eru sýndar í rauðu. Staðsetning suðvestursniðs (sjá mynd 9) merkt inn á sniðið.



Mynd 8. „Stétt“ [27]. Horft í norðvestur.

### 3.4 Suðvestursnið

Í suðurenda suðvestursniðs mátti sjá móöskulög sem að líkindum liggja lengra í suðvestur, inn undir Fischersund (sjá myndir 7 og 9). Voru þau einungis skráð í sniði. Um var að ræða tvö móöskulög [42] og [43], bæði með kola- og skeljaflekkjum, til samans um 55 cm þykk. Lítil gryfja, [41] með lífrænni fyllingu [40] skar efra móöskulagið, syðst í sniðinu. Ekki er vitað hvaða hlutverki hún hefur þjónað. Móöskulögin lágu undir nútíma lagnaskurðum og grús ([34] – [39]) og ofan á óhreyfðum jarðlögum ([44] – [48]). Ekki fundust neindir gripir í þessum lögum, og því ekki hægt að aldursgreina þau.



Mynd 9. Suðvestursnið (staðsetning sniðsins er merkt á mynd 7).

## 4 Gripir

Úr rannsókninni eru skráðir 332 hundrað fundir undir 74 fundanúmerum, bæði gripir og dýrabein. Val á þeim fundum sem hirtir voru fór fram á vettvangi, í sumum tilfellum voru einungis tekin sýni sem endurspegluðu þá gripir sem fundust á staðnum (t.d. leirrennur og múrssteinar). Næsta val fór fram í úrvinnsluferli og eftir að upplýsingum um gripina sem komu í hús hafði verið safnað var nokkrum þeirra fargað. Upplýsingar um þetta kemur fram í skýrslu og gripaskrá.

Varðveisla þeirra funda sem kom upp við rannsóknina er mjög mismunandi. Dýrabein – að líkindum mestmegnis matarleifar – eru í góðu ástandi sem og leirinn, glerið og grjótið. Málmur er mjög tærður og ryðbrunninn. Lífrænar leifar utan dýrabeina s.s. leður, textíll eða viður, eru ekki til staðar. Sennilega er einkum um að kenna slæmum varðveisluskilyrðum.

### 4.1 Bein

Dýrabeinin sem fundust við rannsóknna hafa ekki við greind til tegundar en eru að öllum líkindum að mestu matarleifar, nokkuð er af fiskibeinum. Alls eru dýrabein

skráð undir 16 fundanúmerum og vega beinin sem koma úr mismunandi jarðlögum frá 12 g upp í 1,6 kg. Alls vega beinin úr Vesturgötu 5b um 4,4 kg.

Tafla 1. Bein

Fundanúmer	Jarðlag	Fundanúmer	Jarðlag
VES14-44-01	18	VES14-44-53	27
VES14-44-07	02	VES14-44-57	29
VES14-44-09	08	VES14-44-59	31
VES14-44-16	09	VES14-44-69	27
VES14-44-19	01	VES14-44-70	27
VES14-44-36	15	VES14-44-71	27
VES14-44-44	19	VES14-44-73	01
VES14-44-45	24	VES14-44-74	27

## 4.2 Leir

Lokaðar flatbotna leirrennur VES14-44-37 fundust *in situ*, bæði utan við húsið, og undir gólfi þess. Þær eru samskonar að gerð og þekkjast á Bretlandseyjum og kallast á ensku *field drains*. Elstu dæmi slíkra renna eru frá því seint á 18. öld. Þó eru flatbotna rennur eins og fundust hér eitthvað yngri. Þar voru þær nýttar til að leiða vatn í túnum, til að þurka ræktarland.<sup>5</sup> Í Glasgow virðast þær hafa verið notaðar sem lokræsi, líkt og þekkest vel úr torfbæjum.

### 4.2.1 Tóbakspípa

Eitt 18. aldar krítarpípubrot, leggjarbrot, fannst við rannsóknina, VES14-44-29. Fínlegt, um 6 mm í þvermál.

### 4.2.2 Leirker

Leirkerin sem fundust falla innan tímarammans u.þ.b. ~1700 - ~1925 og flest eru þau frá ~ seinni hluta 18. aldar fram til miðrar/seinni helmingis þeirrar 19. Þau eru aðallega af evrópskum uppruna, frá Englandi og Þýskalandi en eitt diskbrot er úr kínversku postulíni, (VES14-44-39). Brotin eru fjölbreytt að stærð og gerð. Frá 18. öld eru m.a. brot af leirpönnum (e. *skillet*), tekönnu, fagurlega hornmáluðum diskum, tinglerjuð diskbrot og önnur úr hvítum jarðleir. Ekki er annað að sjá en að þau leirker sem fundust falli inn í ramma hefðbundins heimilishalds.

---

<sup>5</sup> McComish 2015, bls 44

Tafla 2. Leirker

Fundanúmer	Jarðlag	Fundanúmer	Jarðlag
VES14-44-02	18	VES14-44-39	19
VES14-44-14	28	VES14-44-46	26
VES14-44-23	1	VES14-44-50	27
VES14-44-31	12	VES14-44-55	29
VES14-44-32	13	VES14-44-58	31
VES14-44-34	15	VES14-44-61	27
VES14-44-37	17	VES14-44-72	40

#### 4.2.3 Múrsteinar

Hirtir voru átta múrsteinar sem skráðir eru undir tveimur númerum. eru þeir lýsandi fyrir þær gerðir sem sáust við uppgröftinn. Þeir eru allir um 23 x 11 x 5,5 cm að stærð, sumir eilítið brenndir og hefur kvarnast upp úr mörgum þeirra. Uppruni óvís nú og hefur ekki verið greindur.

Tafla 3. Múrsteinar

Fundanúmer	Jarðlag
VES14-44-29	11
VES14-44-38	10

##### 4.2.3.1

#### 4.2.4 Asbest

Nokkrir asbestbrot eru undir númerum VES14-44-11 og 17 (pökkuð sér). Asbestbrotin eru sennilega frá klæðningu kringum ofn eða eldavél en þetta efni var farið að nota seint á 19. öld hér á landi.

#### 4.3 Gler

##### 4.3.1 Rúðugler

Alls eru skráð níu rúðuglerbrot undir þremur fundanúmerum. Þau eru aldursgreind til 18. og 19. aldar. Eitt hið elsta hefur verið þríhyrningslaga.



Tafla 4. Rúðugler

Fundanúmer	Jarðlag
VES14-44-41	19
VES14-44-48	26
VES14-44-65	27

#### 4.3.2 Glerílát

Brot úr glerílátum eru að megninu til úr flöskum; vín, bjór og gosflöskum (sem hafa innihaldið átappað vatn t.d. innflutt sóðavatn eða ölkelduvatn). Meðal gripanna er a.m.k. eitt 18. aldar borðflöskubrot (karafla), sjá VES14-44-51. Gerílátin eru alls 125 talsins og skráð undir 12 fundarnúmerum. Glerílátin eru talin frá sama tímabili og leikerin: ~1700 - ~1925 og flest eru þau frá ~ seinni hluta 18. aldar fram til miðrar/seinni helmings þeirrar 19.

Tafla 5. Glerílát

Fundanúmer	Jarðlag	Fundanúmer	Jarðlag
VES14-44-03	18	VES14-44-33	13
VES14-44-05	02	VES14-44-35	15
VES14-44-08	8	VES14-44-40	19
VES14-44-13	28	VES14-44-47	26
VES14-44-15	9	VES14-44-51	27
VES14-44-26	01	VES14-44-62	27

#### 4.4 Málmur

Tveir gripir úr ógreindum málmum eru í fundasafninu, handfang VES14-44-06, sennilega af skeið en brotið er framan af áhaldinu. Hinn gripurinn er leifar hnapps sem er disklega. Þvermál hans er nú 2,4 cm. Festingarlykkja er horfin en hann gæti hafa verið tauklæddur.

Tafla 6. Málmur

Fundanúmer	Jarðlag
VES14-44-06	02
VES14-44-30	12

#### 4.4.1 Járn

Alls eru skráðir 63 járngripir undir 16 fundanúmerum. Gripirnir eru fjölbreyttir að gerð og inniheldur safnið m.a. lykil (til að snúa í skrá), þá mikið sveigaðan járnhlut sem að öllum líkindum er bobbingur, hálfan togkamb sem gæti verið 19. aldar gripur, en árið 1915 segir Matthías Þórðarson þjóðminjavörður að togkambar séu lítið notaðir lengur og „Þeir voru helzt hafðir til að kemba í þeim tog í þráð, sem sauma skyldi skinnklæði með.“<sup>6</sup> Þá eru nokkrir naglar, aðallega handsmíðaðir en þó nokkrir vírnaglar sem koma til sögunnar seint á 19. öld. Þá skeifa og öngull (spaðakrekja) og hnífsbrot. Einnig fundust tunnugjarðir og óþekkt áhald sem á er fest handfang með kopartittum. Þá eru pottjárnsbrot meðal fundanna en ekki hefur tekist að greina úr hvaða hlut þau eru.

Tafla 7. Járn

Fundanúmer	Jarðlag	Fundanúmer	Jarðlag
VES14-44-04	18	VES14-44-52	27
VES14-44-10	8	VES14-44-56	29
VES14-44-18	9	VES14-44-60	27
VES14-44-20	01	VES14-44-63	27
VES14-44-21	01	VES14-44-64	27
VES14-44-22	01	VES14-44-66	27
VES14-44-43	19	VES14-44-67	27
VES14-44-49	26	VES14-44-68	27

#### 4.5 Steinar

Alls fundust sjö gripir úr steini við rannsóknina í Vesturgötu. Alls fundust fjögur brot af þakskífum og á þeim eru flái á jöðrum og naglagöt sjást. Talið er að þakskífur (helluþak) hafi í fyrsta sinn verið notaðar hér á landi við byggingu Dómkirkjunnar í Reykavík árið 1848. Heimildir eru einnig um að notaðir voru koparnaglar til að festa skífurnar þegar Dómkirkjan var byggð. Skífur náðu talsverðum vinsældum og var notuð sem klæðning bæði á þök og veggi frameftir 19. öld<sup>7</sup> að minnsta kosti. Þá fannst flatur steinn VES14-44-54 úr blöðróttu basalti, flatur í sniði en fremur þríhyrningslaga með rúnnuðum hornum. Gat er við eitt horn, hið efsta. Allar hliðar eru rúnnaðar og steinninn allur sorfinn. Ekki ólíklegt að þetta sé stjórsteyn. Mesta haf steinsins er um 23x20 cm og þykkt um 6,5 cm. Breidd steinsins við gatið er um 11 cm. Þá fundust

<sup>6</sup> Matthías Þórðarson 1916, bls 32.

<sup>7</sup> Guðmundur Hannesson 1943, bls. 179-180; Hörður Ágústsson 1998, bls. 115.

tvær eldtinnur VES14-44-28 og 42, innfluttar, ekki ólíklegt að þær séu danskar að uppruna en frekar greining gæti leitt það í ljós.

Tafla 8. Steinar

Fundanúmer	Jarðlag
VES14-44-12	08
VES14-44-27	01
VES14-44-28	01
VES14-44-42	19
VES14-44-54	28

#### 4.6 Plast

Smábrot úr lítríku plasti VES14-44-25 fannst í hreyfðum yfirborðslagi [01] við rannsóknna, frá 20. öld.

### 5 Niðurstöður og lokaorð

Grunnur hússins sem grafinn var upp á lóð Vesturgötu 5b voru leifar suðurenda verslunnarhússins Glasgow, sem sjá má t.d. merkt á þessum reit bæði á uppdrætti Rasmusar Lievogs frá 1787 og Ohlsens og Aanums frá 1801.<sup>8</sup> Glasgow var reist árið 1863 af kaupmanni frá Glasgow, P.L Henderson að nafni. Þetta var stærsta hús á landinu þegar það var fullbyggt, hálfþriðja hæð, 20 alnir á breidd og 40 alnir á lengd (um 13 x 25 m), og með stefnu norður-suður. Vestan við húsið var geymsluhús. Steinlímdur kjallari var undir húsinu öllu, og út úr honum norðanverðum gengu teinar niður á bryggju svo hægt var að flytja vörur á vögnum beint inn í húsið. Verslunin varð gjaldþrota árið 1868, og á árunum sem fylgdu voru eignaskipti oft, og húsið breytti um hlutverk, þar var samkomustaður, og síðar vindlaverksmiðja. Á þeim tíma var einnig búið í húsinu að hluta. Árið 1903 brann Glasgow hins vegar til kaldra kola ásamt Vigfúsarkoti, sem stóð vestan við húsið.<sup>9</sup> Ekki var byggt aftur á reitnum, og stóð kjallari hússins opinn í hálföld eftir brunan.<sup>10</sup> Klárleg merki um brunan fundust í grunni hússins. Þó var töluvert af óbrenndum gripum í efstu lögum hússins, og gætu þeir því hafa lent þar eftir að húsið brann. Hugsanlegt er að breytingar hafi verið gerðar á kjallara hússins á þeim tíma sem það var í notkun, þar sem raðir af steinum sem gætu

<sup>8</sup> Sjá t.d. laust kort í Hjörleifur Stefánsson 1987

<sup>9</sup> Páll Línal 1988, bls 146.

<sup>10</sup> Árni Óla 1980, bls 3.

verið undirstöður fyrir einhverskonar skilrúm fundust undir mölinni sem sett hafði verið sem undirlag undir múrsteina- og steypugólfm.

Áður en verslunarhúsið Glasgow var reist, stóðu á lóðinni tómtúsin Þorfinnsbær, og Borgarabær sem voru rifin þegar Glasgow var byggt.<sup>11</sup> Báðir þessar bæir voru reistir á tímabilinu 1703-1845.<sup>12</sup> Líklegt er að óreglulega hellustéttin sem grafin var fram sunnan við Glasgow og var skorin af undirstöðuskurðinum fyrir útveggi hússins, hafi tilheyrt öðrumhvorum bænum og þá líklegast einhverskonar vinnslusvæði utandyra. Magnið af skeljabrotum sem fundust í og við stéttina styður þetta. Leirkerin sem fundust í og við stéttina eru að mestu frá 18. öld, og eru þau eitt af fáu fornleifafraðilegu leirkerasöfnum frá frumdægum bæjarmyndunar í Reykjavík. Eitt brot sem fannst í lagi [31] (brot úr hvítum jarðleir innan gripanúmers VES14-44-58) var þó frá seinni hluta 19. aldar, en líklegast er um smit úr yngri jarðlögum að ræða að ræða, þar sem þessu elstu jarðlög voru tölvvert röskuð af seinnitíma framkvæmdum.

Gripirnir sem fundust í grunni og utan við hús 5b við Vesturgötu spanna tímabilið frá byrjun þéttbýlismyndunar í Reykjavík á 18. öld og fram til byrjun þeirrar 20, en flestir eru þeir frá tímabilinu upp úr miðri 18. öld og fram á seinni hluta þeirrar 19. Hægt var að gera aldursgreiningu á leirkerjum, gleri, sumum járngrípum út frá gerðfræði þeirra en steingrípum – þakskífum – út frá ritheimildum. Gripirnir endurspeglu heimilishald, nálægðina við sjóinn og sjósókn (lóð, öngull og stjórsteyn) auk almennra umsvifa daglegs lífs. Líkt og önnur gripasöfn frá síðari öldum úr Reykjavík mun gerð og samsetning gripa og dýrabeina sem fundust við rannsóknina gefa innsýn í heimilishald Reykvíkinga á 18. öld og fram til byrjunar þeirrar 20. Þessi efniviður mun er fram líða stundir verða ómetanlegur rannsóknarefniviður þegar saga Reykjavíkur verður skrifuð út frá sjónarhóli fornleifafraðinnar.

---

<sup>11</sup> Páll Lindal 1988, bls 146.

<sup>12</sup> Oddgeir Isaksen 2011, bls 135-6.

## Heimildir

- Árni Óla. 1980. Glasgow stórhýsi og stórverzlun sem gnæfði yfir Grjótaþorpið og setti svip á bæinn. *Lesbók Morgunblaðsins* 26.1.1980: 2-3.
- Guðmundur Hannesson. 1943. Húsagerð á Íslandi. *Iðnsaga Íslands. Fyrri bindi.* Guðmundur Finnbogason ritstj. Iðnaðarmannafélag Íslands, Reykjavík.
- Hjörleifur Stefánsson (ritstj.) 1987. Kvosin. Byggingarsaga miðbæjar Reykjavíkur. Torfusamtökin, Reykjavík.
- Hörður Ágústsson. 1998. *Íslensk byggingararfleifð I. Ágrip af húsagerðarsögu 1750-1940.* Húsafríðurnarnefnd ríkisins.
- Lucas, Gavin. 2003. *Archaeological field manual.* Fornleifastofnun Íslands, Reykjavík
- Matthías Þórðarson. 1916. Skýrsla um viðbót við Þjóðmenjasafnið árið 1915. *Árbók hins íslenska fornleifafélags 1916*, 31-44.
- McComish, J.M. 2015. *A guide to ceramic building materials.* York Archaeological Trust, Report no. 2015/36. Sótt af <http://www.yorkarchaeology.co.uk/wp-content/uploads/2015/05/A-guide-to-ceramic-building-material-reduced.pdf> 16. nóvember 2015
- Oddgeir Isaksen. 2011. *Minjar undir malbiki. Fornleifaskráning í þéttbýli.* Óútgefin meistararitgerð, Háskóli Íslands.
- Páll Líndal. 1988. *Reykjavík. Sögustaður við Sund. R-Ö.* Örn og Örlygur, Reykjavík.



## Viðauki 1: Einingaskrá

Eining	Fasi	Efni	Tegund	Lýsing
01	1	Sandur/möl	Jarðlag	Yfirborðslag
02	1	Mold	Jarðlag	Jarðlag blandað móösku
03	1	Mold	Jarðlag	Blandað brúnt moldarlag með móöskuskellum
04	1	Niðurgroftur	Skurður	Lagnaskurður (hugsanlega 2 samliggjandi skurðir)
05	2	Keramík	Rör/lögn	Leifar af lögn á sínum stað, 12 cm breið, varðveitt 160 cm löng (≠[16]≠[17]). Utan við mannvirki
06	2	Móaska	Jarðlag	Ruslslag (utan við mannvirki)
07	1	Móaska	Jarðlag	Ruslslag (utan við mannvirki)
08	1	Mold/viðaraska	Jarðlag	Ruslslag (inni í mannvirki)
09	1	Kol/viðaraska	Jarðlag	Brunslag (inni í mannvirki)
10	1	Múrsteinar	Jarðlag	Hrúga af brenndum múrsteinum (inni í mannvirki)
11	2	Múrsteinar	Gólfloagn	Leifar af múrsteinagólfi (50 x 130 cm – inni í mannvirki)
12	1	Mold	Jarðlag	Blandað moldar/móöskulag (utan við mannvirki)
13	2	Grjót	Hrun(?)	Hugsanlega hrunin hleðsla (4 steinar í röð, 2 m á lengd. Innan í mannvirki, samsíða útvegg þess)
14	2	Steypa	Gólf	Hluti af steypu gólfi inni í mannvirki (30 x 150 cm)
15	2	Grjót	Veggur	Efsti hluti af grjótfillingu undir suðurvegg mannvirkis
16	2	Keramík	Rör/lögn	Leifar af lögn á sínum stað, 12 cm breið, varðveitt 100 cm löng (≠[05]≠[17]). Utan við mannvirki
17	2	Keramík	Rör/lögn	Leifar af lögn á sínum stað, 12 cm breið, varðveitt 100 cm löng (≠[05]≠[16]). Innan í mannvirki
18	2	Möl	Jarðlag	Undirlag undir gólf [11] & [14]
19	2	Grjót	Veggur	Næstefsti hluti af grjótfillingu undir suðurvegg mannvirkis (=22)
20	2	Grjót	Hleðsla	Einfölt grjóthleðsla undir mól [18]. Hugsanlega undirstöður undir innri mannvirki (þil/timburgólfi)
21	2	Grjót	Undirlag	Hugsanlegt púkk – tengt hleðslu [20]?
22	2	Grjót	Veggur	Næstefsti hluti af grjótfillingu undir suðurvegg mannvirkis (=19)
23	--	--	--	--
24	2	Mold/viðaraska	Jarðlag	Ruslslag. Inni í mannvirki
25	2	Grjót	Hleðsla	Næstneðsti hluti af grjótfillingu undir suðurvegg mannvirkis (=28)
26	2	Möl	Jarðlag	Blandað malarlag í rofi í hleðslu
27	3	Grjót	Stétt(?)	Gróf stétt úr óreglulega löggðu grjóti. Inn á milli skeljablandaður jarðvegur
28	2	Grjót	Hleðsla	Næstneðsti hluti af grjótfillingu undir suðurvegg mannvirkis (=25)
29	2	Grjót	Hleðsla	Neðsti hluti af grjótfillingu undir suður- og ausutrvegg mannvirkis (=32)
30	3	Móaska	Jarðlag	Móöskuulag undir stétt
31	3	Mold	Jarðlag	Skeljablandað moldarlag
32	2	Grjót	Hleðsa	Neðsti hluti af grjótfillingu undir suðurvegg mannvirkis (=29)
33	2	Skurður	Undirstöður	Undirstöðuskurður undir mannvirki
34	Snið	Sandur/möl	Fylling	Malar/sand fylling í lagnaskurði [35]

Eining	Fasi	Efni	Tegund	Lýsing
35	Snið	Skurður	Skurður	Nútíma lagnaskurður
36	Snið	Mold/móaska	Jarðlag	Blönduð mold/móaska
37	Snið	Sandur	Jarðlag	Sandlag
38	Snið	Grjót	Fylling	Sjávarbarðir smásteinar, fylling í [39]
39	Snið	Skurður	Gryfja	Gryfja, hlutverk óþekkt
40	Snið	Mold/móaska	Fylling	Móöskublönduð mold með töluvert af skeljum. Fylling í [41]
41	Snið	Skurður	Gryfja	Gryfja, hlutverk óþekkt
42	Snið	Mold/móaska	Jarðlag	Móöskublönduð mold með töluvert af skeljum
43	Snið	Móaska	Jarðlag	Móaska, frekar einsleit en þó með eitthvað af kola- og skeljaflekkjum
44	Snið	Mold	Jarðlag	Steríl, ljósbrún mold
45	Snið	Grús	Jarðlag	Gráblá grús (ísaldar)
46	Snið	Mold	Jarðlag	Steríl, ljósbrún mold
47	Snið	Grús	Jarðlag	Gráblá grús (ísaldar)
47	Snið	Grús	Jarðlag	Gráblá grús (ísaldar)



## Viðauki 2: Fundaskrá

Staður - rannsóknarnr fundanúmer	Eining	Tegund	Efni	Lýsing - athugasemdir	Vigt (g)	Fjöldi
VES14-44-01	18	Matarúrgangur	Dýrabein	Ógreind	176	x
VES14-44-02	18	Leirker	Leir	Brot af hvítum jarðleir. Tvö brot úr súpuskál og disk (whiteware) frá c. Seint á 19. öld til byrjun þeirrar 20.. Tvö brot af skál (úr creamware) frá seinni hluta 18. aldar.	100	5
VES14-44-03	18	Flaska	Gler	Brot af vín- eða bjórflösku, merkt. Sennilega frá tímabilinu seinni hluta 19. aldar til byrjunar þeirrar 20.	165	2
VES14-44-04	18	Óþekkt	Járn	Mjög ryðgaður gripur í bræðingi af ryði og smásteinum. Gæti verið fleiri en einn gripur. Ógreint.	73.5	1
VES14-44-05	02	Flaska	Gler	Flöskubrot af vínflösku sem er tímasett til seinni hluta 18. aldar til byrjunar þeirrar 19.	35	1
VES14-44-06	02	Handfang	Málmur	Handfang úr málm, sennilega af skeið, brotið framan af.	7	1
VES14-44-07	02	Matarúrgangur	Dýrabein	Ógreind	78	x
VES14-44-08	08	Flaska		M.a. flöskur af ýmsu tagi og e.t.v. vasi. Frá síðari hluta 19. aldar til byrjunar þeirrar 20.	312	28
VES14-44-09	08	Matarúrgangur	Dýrabein	Ógreind	15	x
VES14-44-10	08	Nagli, skeifa o.fl.	Járn	a) Naglar tveir, annar stór 131 mm langur, hinn 65 mm. B) Skeifa, hluti, báðir endar brotnir og annar jaðar auk þess skemmd. Sennilega sjást tvö naglagöt. C) Vir, mjög tærður. D) Samanvafin málmþynna. E) Járnband með gati í öðrum enda og a.m.k. þremur nöglum.	243	5
VES14-44-11	08	Leirker/klæðning	Leir/Asbest	Leirilát úr hvítum jarðleir, skálabrot frá því c. Seint á 19. öld - byrjun þeirrar 20. Asbestbrotin eru sennilega frá klæðningu kringum ofn eða eldavél, asbest var farið að nota seint á 19. öld hér á landi.	151	12
VES14-44-12	08	Þakskífa	Steinn	Þakskífa, brotin, 1 naglagat sjáanlegt í jaðri.	117	1
VES14-44-13	28	Flaska	Gler	Flöskubrot, ógreinanlegt.	5	1

Staður - rannsóknarnr fundanúmer	Eining	Tegund	Efni	Lýsing - athugasemdir	Vigt (g)	Fjöldi
VES14-44-14	28	Leirker	Leir	M.a. brot úr stórum hornmáluðum diskum sennilega frá seinni hluta 18. aldar, upprunninn í N-Þýskalandi. Einnig diskabrot úr hvítum jarðleir, 19. öld.	205	3
VES14-44-15	09	Flaska	Gler	M.a. bjór/gosflöskur og glær mjólkurflaska. Frá síðari hluta 19. aldar til byrjunar þeirrar 20.	628	55
VES14-44-16	09	Matarúrgangur	Dýrabein	Ógreind	15,5	x
VES14-44-17	09	Leirker/klæðning	Leir/Asbest	Leirílát frá því seint á 19. öld og byrjun þeirrar 20., þó er eitt málað undirskálarbrot (painted saucer) frá fyrri hluta 19. aldar. Asbestbrotin eru sennilega frá klæðningu kringum ofn eða eldavél, asbest var farið að nota seint á 19. öld hér á landi.	284	15
VES14-44-18	09	Nagli, skeifa og fleira	Járn	17 naglar af ýmsum gerðum og stærðum. M.a. Vírnaglar sem eru frá því c 1880 og áfram. Einnig önnur brot.	594	20
VES14-44-19	01	Matarúrgangur	Dýrabein	Ógreind	946	x
VES14-44-20	01	Gjörð	Járn	Ryðbrunnar gjarðir, brotnar. Við þær hafa ryðgað smásteinar.	206	6
VES14-44-21	01	Lykill	Járn	Smár lykill til að snúa, hringur dottinn af og skegg ryðgað saman. Leggur samtals 5,9 cm langur. Leggurinn er holur í endann að því virðist.	15	1
VES14-44-22	01	Togkambur/Ullarkambur	Járn	Brotinn togkambur/ullarkambur, skaft hefur fylgt hinum helmingnum. Hnoðnagli við hverja tönn sem er spaðalega efst (þar sem festingin er við bakkann). Tennurnar eru ferstrendar en undnar, frammjóar og ekki allar eins. Sennilega íslensk smíði sbr. togkamba á Minjasafni Austurlands MA-354-RA/1948-17; MA/1976-44 og 45 (sbr. mynd í Sarpi). Mál 14,7 cm x 15,5 cm (lengd teins). Sennilega frá c. 1800-1925.	181	1

Staður - rannsóknarnr fundanúmer	Eining	Tegund	Efni	Lýsing - athugasemdir	Vigt (g)	Fjöldi
VES14-44-23	01	Leirker	Leir	M.a.: Ílátsbrot af hvítum jarðleir frá seinni hluta 18. aldar - fyrri hluta 19. aldar; tinglerjað diskbrot, þýskt frá 18. öld; botn af steinleirsflösku frá Frechen í Rínarhéruðum Þýskalands sennilega frá því snemma á 19. öld. E.g.: Pearlware, early 19th c.; creamware, late 18th c.; whiteware early 19th c.; tinglazed plate, german, 18th c.; stoneware bottle base, from Frechen in Rhineland Germany, prop. early 19th c.	231	11
VES14-44-24	01	Krítarpípa	Leir	18. aldar krítarpípubrot, leggjarbrot. Finlegt um 6 mm í þvermál.	2	1
VES14-44-25	01	Plast	Plast	Brotið litríkt plast.	3	1
VES14-44-26	01	Flaska	Gler	Vínflöskubrot og lyfjaglös frá seinni hluta 18. aldar.	146	4
VES14-44-27	01	Þakskífa	Steinn	Þakskífur, brotnar, flái á jöðrum og naglagöt.	182	3
VES14-44-28	01	Flinta	Steinn	Innflutt	12,5	1
VES14-44-29	11	Múrsteinn	Leir	Heilir ca. 23x11x5,5 cm. Ógreindir til uppruna.	7200	3
VES14-44-30	12	Hnappur	Málmur	Leifar hnapps. Þvermál 2,4. Lykkja horfin, gæti hafa verið tauklæddur.	2	1
VES14-44-31	12	Leirker	Leir	Brot af tepotti (teapot) frá því seint á 18. öld - fyrri hluta þeirrar 19. og tvö önnur brot af ílátum, annað gert úr hvítum jarðleir og bæði frá því seint á 19. öld - byrjun þeirrar 20.	16	3
VES14-44-32	13	Leirker	Leir	Hvítur jarðleir frá því seint á 19. öld - fyrri hluta þeirrar 20.; brot af undirskál með myndþrykki (transfer printed); postulínsbrot frá því seint á 19. öld, handmálað. Brot þessi eiga öll uppruna sinn í Evrópu.	22	3
VES14-44-33	13	Flaska	Gler	Flöskubrot undan bjór eða gosdrykk frá seinni hluta 19. aldar.	104	7
VES14-44-34	15	Leirker	Leir	Skálabrot úr hvítum jarðleir, á einu eru gat eftir viðgerð. Sennilega enskt að uppruna. Frá 19. öld eða fyrri hluta þeirrar 20.	12	3
VES14-44-35	15	Flaska	Gler	Bjór eða gosflaska frá því snemma á 20. öld.	21	1
VES14-44-36	15	Matarúrgangur	Dýrabein	Ógreind	25	x
VES14-44-37	17	Lögn/Rör	Leir	Lokuð renna.	8300	5

Staður - rannsóknarnr fundanúmer	Eining	Tegund	Efni	Lýsing - athugasemdir	Vigt (g)	Fjöldi
VES14-44-38	10	Múrsteinn	Leir	Nokkuð brotið upp úr þeim og brunamerki á sumum. Ógreindir til uppruna.	11500	5
VES14-44-39	19	Leirker	Leir	M.a. Brot ur steinleirskrukku, geymslukrús, þýskri að uppruna, sennilega frá 19. öld; brot úr hvítum jarðleir (creamware), krukku og disk, c. frá miðri 19. öld; hvítur jarðleir myndþrykktur (transfer printed) frá því 1830 og áfram; brot með skeljamynstri frá því um og eftir 1840; kínverskt postulínsbrot, diskur, frá 19. öld.	110	16
VES14-44-40	19	Flaska	Gler	Flöskubrot undan bjór eða gosdrykk frá seinni hluta 19. aldar eða byrjun þeirrar 20.	34	7
VES14-44-41	19	Rúða	Gler	Sennilega frá 19. öld.	2	2
VES14-44-42	19	Flinta	Steinn	Innflutt	41	1
VES14-44-43	19	Brot	Járn	Mjög ryðuguð járnabrot, sennilega tveir naglar og gjörð	69	3
VES14-44-44	19	Matarúrgangur	Dýrabein	Ógreind	60	x
VES14-44-45	24	Matarúrgangur	Dýrabein	Ógreind	51	x
VES14-44-46	26	Leirker	Leir	M.a. Skál úr hvítum jarðleir (creamware), pottur úr rauðum jarðleir og hornmálað brot (slipware). Framantalið frá því seint á 18. öld til c. 1800.	26	9
VES14-44-47	26	Flaska	Gler	Flöskubrot, ógreinanlegt.	1,5	1
VES14-44-48	26	Rúða	Gler	Sennilega frá 19 öld.	5	3
VES14-44-49	26	Nagli	Járn	Mjög ryðgaður nagli, brotinn.	8	1
VES14-44-50	27	Leirker	Leir	Brot úr disk úr hvítum jarðleir (creamware) og skreytt postulínsbrot, evrópskt. Bæði þessi brot eru tímasett til seinni hluta 18. aldar til fyrri hluta þeirrar 19.	70	2
VES14-44-51	27	Flaska	Gler	Skreytt flöskubrot, sennilega karafla frá 18. öld; brot af íláti fremur grófgert sennilega borðflaska (karafla). Einnig ógreind flöskubrot.	235	4
VES14-44-52	27	Gjörð	Járn	Ryðuguð, brotin og beygð gjörð.	149	3
VES14-44-53	27	Matarúrgangur	Dýrabein	Ógreind	1600	x

Staður - rannsóknarnr fundanúmer	Eining	Tegund	Efni	Lýsing - athugasemdir	Vigt (g)	Fjöldi
VES14-44-54	28	Lóð	Steinn	Flatur steinn úr blöðróttu basalti, flatur í sniði en fremur þríhyrningslaga með rúnnaðum hornum. Gat er við eitt horn, hið efsta. Allar hliðar eru rúnnaðar og steinninn allur sorfinn. Ekki ólíklegt að þetta sé stjórusteinn. Mesta haf er um 23x20 cm og þykkt um 6,5 cm. Breidd steinsins við gatið er um 11 cm.	3300	1
VES14-44-55	29	Leirker	Leir	M.a. nokkur brot frá tímabilinu seinni hluta 18. aldar til fyrri hluta þeirrar 19. t.d. hornmálað (slipware) djúpt skálabrot, þýst að uppruna og diskur úr hvítum jarðleir (creamware).	65	4
VES14-44-56	29	Nagli, hnífur	Járn	a) Nagli, bláendi brotinn af 94 mm. Haus lítill flatur og disklaga. b) Blað af hnífi fremur en skærum. Tanginn er mun minni en blaðið og hefur ferningslaga snið 4x7,5 mm. Blaðið er þunnt, 5 mm við bakkann og sveigist upp á við til endans og það gerir bakið líka. Lengd blaðs um 95 mm, heildarlengd grips 105 mm. c) Járnband, gjörð, brotin og beygð, þykkt 25 mm.	45	3
VES14-44-57	29	Matarúrgangur	Dýrabein	Ógreind	34	x
VES14-44-58	31	Leirker	Leir	M.a. diskur úr hvítum jarðleir (creamware); diskur úr jarðleir, sennilega af þrífættri pönnu (skillet) og glerjaðri krukku úr jarðleir. Framangreindir gripir eru frá því seint á 18. öld. Eitt brot úr hvítum jarðleir er frá seinni hluta 19. aldar til byrjun þeirrar 20.	60	4
VES14-44-59	31	Matarúrgangur	Dýrabein	Ógreind	334	x

Staður - rannsóknarnr fundanúmer	Eining	Tegund	Efni	Lýsing - athugasemdir	Vigt (g)	Fjöldi
VES14-44-60	27	Verkfæri	Járn	Verkfæri úr járni, óþekkt notkun. Tangi er breiður og á hann hefur verið festar kinnar/okar með þremur hauslausum tittum úr koparblöndu. Fram úr tanganum er sívalt járn en endi járnsins er ryðgaður og við hann hafa ryðgað fastir smásteinar og því ekki hægt að greina hann frekar að svo stöddu. Handfangið hefur verið úr beini og snið þess flatt - ávalt. Lengd: 12,4 cm.	30	1
VES14-44-61	27	Leirker	Leir	M.a. brot úr þrífættri pönnu (skillet) úr jarðleir (18. öld), stórrí könnu (c. 1775-1825); brot með skeljamynstri á brún (c. 1775-1825); diskabrot úr hvítum jarðleir (creamware c.1775-1825); handmálað brot sennilega af diskí (sennilega 19. öld); brot af tinglejuðu iláti (tin glazed) sem má tímasetja til 18. aldar; brot af diskí þýskum að uppruna frá 18. öld; könnubrot úr steinleir frá 18. öld; handfang af potti. Flest leirkerin úr þessu contexti má telja til seinni hluta 18. aldar til fyrri hluta þeirrar 19. Handmálaða brotið sker sig úr og er eitthvað yngra en þó 19. aldar gripur.	335	16
VES14-44-62	27	Flaska	Gler	Stór vínflaska en þó sennilega brot af fleiri en henni. Frá c. Seinni hluta 18. aldar til fyrri hluta þeirrar 18.	377	14
VES14-44-63	27	Brot	Járn	Þungt og þykkt pottjárnsbrot. E.t.v. Úr ofni eða eldavél.	2400	1
VES14-44-64	27	Bobbingur?	Járn	Mikið sveigt járnbrott með þremur hryggjum, bobbingur?	144	1
VES14-44-65	27	Rúða	Gler	Sennilega frá 18. öld. Sennilega þríhyrningslaga.	19	4
VES14-44-66	27	Öngull	Járn	Öngull, spaðalaga endi. - spaðaöngull. Agnhald brotið af. Haf bugs er 3,9 cm, lengd leggs er 7,4 cm.	4,5	1
VES14-44-67	27	Nagli	Járn	Stórir naglar með lítinn, flatan diskilaga haus, yfir 10 cm langir.	90	6

<b>Staður - rannsóknarnr fundanúmer</b>	<b>Eining</b>	<b>Tegund</b>	<b>Efni</b>	<b>Lýsing - athugasemdir</b>	<b>Vigt (g)</b>	<b>Fjöldi</b>
VES14-44-68	27	Gjörð	Járn	Gjörð, ryðbrunninn. Gjörðin var í dottin í níu hluta og var sjö fargað en samskeytin geymd til varðveislu.	347	9
VES14-44-69	27	Matarúrgangur	Dýrabein	Ógreind	571	x
VES14-44-70	27	Matarúrgangur	Dýrabein	Ógreind	44,5	x
VES14-44-71	27	Matarúrgangur	Dýrabein	Ógreind	12	x
VES14-44-72	40	Leirker	Leir	M.a. brot af diskum eða skálum úr hvítum jarðleir (creamware) og rauðum jarðleir (red earthenware).	13,5	5
VES14-44-73	01	Matarúrgangur	Dýrabein	Ógreind	326	x
VES14-44-74	27	Matarúrgangur	Dýrabein	Ógreind	100	x